

SAMNINGUR UM REKSTUR VEITINGASTAÐAR OG SÝNINGAR Í VÍNLANDSSETRI

Dalabyggð (kt. 510694-2019), hér eftir nefnt leigusali og Vínlandssetur ehf. (kt. 500320-1170), hér eftir nefnt rekstraraðili, gera með sér svofelldan samning um rekstur veitingastaðar og sýningar í húsnæði að Búðarbraut 1 í Búðardal:

1. gr.

Rekstraraðili hefur einn til umráða húsnæði að Búðarbraut 1 (F2117201) fyrir rekstur veitingastaðar og sýningar.

2. gr.

Rekstraraðila ber að:

- Gæta að snyrtimennsku og þrúðmennsku við öll störf og umgengni í tengslum við reksturinn.
- Sjá til þess að rekstur hans í húsinu sé með öll tilskilin leyfi í samræmi við lög og reglugerðir.
- Halda yfirlit yfir aðsókn gesta á sýninguna eftir bestu getu og skila þeim upplýsingum í árlegri uppgjörsskýrslu til eiganda við hver árslok.

3. gr.

Dalabyggð sér um eftirfarandi:

- Fasteignagjöld og lögbundnar tryggingar af húsnæði og þær tryggingar af sýningu sem leigusali kýs að hafa.
- Meiriháttar viðhald húsnæðis og svæðis í samræmi við fjárhagsáætlun Dalabyggðar á ári hverju og skal gerður samningur um framkvæmd þess hverju sinni.
- Viðhald og rekstur lyftu í húsnæðinu og alls búnaðar er snýr að sýningu.

Rekstraraðili sér um allan annan kostnað sem fellur til vegna reksturs á samningstímanum s.s. er varðar úrgangsmál, rekstur á nettengingu, rafmagn, síma, minniháttar viðhald o.s.frv. Allt tjón á húsnæði eða húsmunum af völdum gesta eða starfsfólks, er einnig á ábyrgð rekstraraðila.

4. gr.

Rekstraraðili á þau tæki, áhöld og borðbúnað sem þarf til veitingareksturs í húsnæðinu.

5. gr.

Búnaður sem fylgir hinu leigða skal skráður í fylgiskjal 1, sem er hluti af samning þessum.

6. gr.

Meginstarfsemi felur í sér veitingasölu og rekstraraðili skuldbindur sig til að viðhafa opið 15. apríl – 13. október árið 2024. Utan þessa tímabils hefur rekstraraðili opið fyrir hópa, fundi, viðburði o.s.frv. Daglegur opnunartími miðast við 4 - 8 klukkustundir hið minnsta m.v. árstíð og aðsókn, nema utanaðkomandi aðstæður hamli því s.s. veður, verkföll o.s.frv.

7. gr.

Frá og með 1. janúar 2024 greiðir rekstraraðili 7% af tekjum af innkomu í hinu leigða húsnæði, að frádregnum virðisauka- og gistináttaskatti (eftir því sem við á) til eiganda. Greiðslur skal inna af hendi samhliða uppgjöri virðisaukaskatts af rekstrinum.

8. gr.

Rekstraraðili annast ræstingu á húsnæðinu. Umhirða lóðar skal vera í höndum rekstraraðila hússins að undangengnum viðgerðum leigusala, sem skal lokið fyrir opnun í apríl 2024 (sjá fylgiskjal 2).

9. gr.

Rekstraraðila er óheimilt að framselja leigurétt sinn samkvæmt samningi þessum eða framleigja hið leigða án skriflegs samþykkist eiganda.

10. gr.

Samningurinn gildir í eitt ár frá undirritun og skal þá tekinn til endurskoðunar með það að markmiði að kanna möguleika ótímabundins samnings, í samræmi við stefnu sveitarfélagsins um samræmingu samninga.

Báðir aðilar geta óskað eftir endurskoðun á samningnum innan gildistíma hans, ef rekstur eða forsendur hans breytast. Beiðni um slíka endurskoðun skal vera skrifleg.

Báðir aðilar geta sagt upp samningnum með þriggja mánaða fyrirvara og skal uppsögn miða við næstu mánaðarmót. Uppsögn skal vera skrifleg.

Komi til ágreinings um framkvæmd samnings þessa sem samningsaðilar geta ekki leyst sín á milli skal hann leystur fyrir Héraðsdómi Vesturlands.

Samningurinn er gerður í tvíriti og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Búðardal, X. september 2023

f.h. Dalabyggðar

f.h. Vínlandsseturs ehf

Björn Bjarki Þorsteinsson
sveitarstjóri

XXXXXXXXXXXXX
framkvæmdastjóri

Vitundarvottar:

